

Nd.

758. Frumvarp til laga

[341. mál]

um Íslenska málnefnd.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—84.)

1. gr.

Íslensk málnefnd er málræktar- og málverndarstofnun og rekur Íslenska málstöð í samvinnu við Háskóla Íslands.

2. gr.

Hlutverk nefndarinnar er sem hér segir:

1. Íslensk málnefnd hefur það meginhlutverk að vinna að eflingu íslenskrar tungu og varðveislu hennar í ræðu og riti.
2. Málnefndin er stjórnvöldum til ráðuneytis um íslenskt mál. Leita skal umsagnar nefndarinnar, áður en settar eru reglugerðir eða annars konar fyrirmæli um íslenska tungu, að svo miklu leyti sem einstök atriði heyra ekki undir aðra samkvæmt öðrum lögum.
3. Nefndin skal hafa samvinnu við stofnanir, sem afskipti hafa af íslenskum manna- og staðanöfnum. Hún skal enn fremur leitast við að hafa góða samvinnu við þá, sem mikil áhrif hafa á málfar almennings, svo sem fjölmiðla og skóla.
4. Íslenskri málnefnd ber að veita opinberum stofnunum og almenningi leiðbeiningar um málfarsleg efni á fræðilegum grundvelli. Fyrirspurnir og svör skulu geymd í plöggum nefndarinnar.

Ef ástæða þykir til, getur málnefndin átt frumkvæði að athugasemdum um meðferð íslenskrar tungu á opinberum vettvangi.

5. Málnefndin vinnur að lausn hagnýtra verkefna, er varða íslenskt mál, eftir því sem tilefni gefast til, eða beitir sér fyrir lausn þeirra í samvinnu við aðra.
6. Íslensk málnefnd gefur út rit til fræðslu og leiðbeiningar um íslenskt mál, þ. á m. stafsetningarorðabók og önnur hagnýt orðasöfn.

Nefndin getur beitt sér fyrir fræðslu um málið og meðferð þess í opinberum stofnunum eða annars staðar, bæði með fundarhöldum og námskeiðum.

7. Íslensk málnefnd skal annast söfnun nýyrða og útgáfu þeirra og jafnframt vera til aðstoðar við val nýrra orða og við nýyrðasmíð. Auk þess skal nefndin leitast við að fylgjast með því, hvaða nýyrði ná festu í málinu.

Málnefndin skal vinna að skipulagðri nýyrðastarfsemi í landinu. Hún skal hafa samvinnu við orðanefndir, sem félög eða stofnanir hafa komið á fót og vera þeim til aðstoðar. Hún skal stuðla að samræmingu í vinnubrögðum þeirra, sem fást við myndun orða til útgáfu í sérstökum orðasöfnum eða gefa út staðla.

8. Íslensk málnefnd skal hafa samstarf við aðrar málnefndir á Norðurlöndum, m. a. með aðild að Norrænni málstöð, og eiga fulltrúa á hinum árlegu þingum þeirra, ef við verður komið.

Nefndin skal einnig, eftir ástæðum, hafa samvinnu við erlendar stofnanir, sem gefa út sérhæfð orðasöfn, þ. á m. staðla.

Að öðru leyti skal málnefndin leitast við að kynna sér starfsemi erlendra málræktarstofnana og alþjóðlegt starf til eflingar þjóðtungum.

3. gr.

Íslensk málstöð er skrifstofa Íslenskrar málnefndar og miðstöð þeirrar starfsemi, sem hún hefur með höndum. Á þeim vettvangi hafa málnefndin og Háskóli Íslands samstarf.

4. gr.

Rekstur Íslenskrar málstöðvar annast sérstakur forstöðumaður. Hann skal jafnframt vera prófessor í heimspekideild með takmarkaða kennsluskyldu. Um veitingu starfsins fer eftir sömu reglum sem um önnur prófessorsembætti. Enn fremur skal leita álits Íslenskrar málnefndar um umsækjendur, áður en embættið er veitt.

Að fengnum tillögum málnefndar og háskólaráðs skipar menntamálaráðherra annað fastráðið starfsfólk, eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

Forstöðumaður stjórnar daglegum rekstri málstöðvarinnar, lausræður starfsfólk í samráði við málnefndina, gefur árlega skýrslu um starfsemi stöðvarinnar og leysir af hendi önnur þau verkefni, sem málnefndin felur honum.

5. gr.

Rekstur Íslenskrar málstöðvar er greiddur af ríkisé samkvæmt því, sem veitt er í fjárlögum, og hefur hún sjálfstæðan fjárhag.

Aðrar tekjur stöðvarinnar eru:

- a) styrkir til einstakra verkefna,
- b) greiðslur fyrir aðstoð eða verk, sem málstöðin vinnur fyrir aðra,
- c) tekjur af útgáfu rita,
- d) gjafir.

6. gr.

Fimm menn eiga sæti í Íslenskri málnefnd, skipaðir af menntamálaráðherra. Háskólaráð tilnefnir tvo menn, og skal a. m. k. annar þeirra hafa lokið háskólaprófi (cand. mag. eða mag. art.) í íslenskri málfræði sem sérgrein. Heimspekideild Háskólans tilnefnir einn mann. Tveir eru skipaðir án tilnefningar, og skal forstöðumaður Íslenskrar málstöðvar vera annar þeirra.

Menntamálaráðherra skipar formann og varaformann úr hópi nefndarmanna.

Skipunartími nefndarinnar er 4 ár.

7. gr.

Íslensk málnefnd kemur saman, þegar formaður boðar til fundar eða þrír nefndarmenn hið fæsta óska þess.

Málnefndin er ályktunarfær, ef meiri hluti nefndarmanna er á fundi.

Nú eru atkvæði jöfn, og ræður þá atkvæði formanns.

8. gr.

Ef ágreiningur verður innan málnefndarinnar um túlkun þessara laga, sker menntamálaráðherra úr.

9. gr.

Menntamálaráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði í reglugerð um Íslenska málnefnd og starfsemi Íslenskrar málstöðvar.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1985.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frv. þetta lýtur að því að treysta með lagasetningu starfsgrundvöll Íslenskrar málnefndar. Nefndin var í öndverðu stofnuð með bréfi menntamálaráðherra, dr. Gylfa P. Gíslasonar, 30. júlí 1964, og reglur um starfsemi hennar voru settar árið eftir. Allmörg fyrstu árin voru umsvif nefndarinnar fremur lítil, enda fjárveitingar mjög takmarkaðar. Árið 1979 var framlag til málnefndarinnar í fjárlögum 250 þús. g. kr., en í fjárlögum fyrir árið 1980 var

fjárveitingin hækkuð í 2 millj. g. kr. Ingvar Gíslason, sem tók við störfum menntamálaráðherra snemma árs 1980, beitti sér fyrir endurskipulagningu málnefndarinnar og enn auknum fjárframlögum til starfseminnar, og var fjárveitingin 1981 hækkuð í 35 þús. nýkrónur. Jafnframt var formanni nefndarinnar, Baldri Jónssyni, dósent, veitt lausn undan kennsluskyldu í heimspekideild Háskóla Íslands um fjögurra ára skeið frá 1. janúar 1981 að telja. Var þá m. a. haft í huga, að honum gæfist meira svigrúm til að sinna starfsemi tengdri Íslenskri málnefnd jafnframt rannsóknastörfum sínum. Fjárveitingar til málnefndarinnar hafa síðan farið hækkandi, og í fjárlögum 1984 eru nefndinni ætlaðar 511 þús. kr. til starfsemi sinnar. Með þessum hætti hafa starfsskilyrði nefndarinnar gerbreyst, enda hefur starf hennar farið mjög vaxandi.

Með hliðsjón af þeirri þróun sem hér hefur verið rakin þótti tímabært að undirbúa löggjöf um starfsemi Íslenskrar málnefndar. Í því skyni fól menntamálaráðuneytið hinn 30. mars 1984 þeim Baldri Jónssyni, dósent, formanni nefndarinnar, dr. Guðmundi Magnússyni, háskólarektor, og Runólfi Þórarinssyni, deildarstjóra, að semja frumvarp til laga um Íslenska málnefnd. Þeir luku því starfi 9. apríl s. l. og skiluðu ráðuneytinu frumvarpi því sem hér er lagt fram. Frumvarpinu fylgdi svofelld greinargerð:

„Hinn 30. mars 1984 fól menntamálaráðherra þeim Baldri Jónssyni dósent, Guðmundi Magnússyni háskólarektor og Runólfi Þórarinssyni deildarstjóra að semja frumvarp til laga um Íslenska málnefnd. Baldri Jónssyni var falið að kveðja nefndina saman. Nefndin hefur samið frumvarp þetta og lætur fylgja þessa greinargerð.

Íslensk málnefnd var stofnuð með bréfi menntamálaráðherra 30. júlí 1964. Þar segir, að ráðuneytið hafi ákveðið að setja á stofn málnefnd, er hafi þessi meginverkefni:

1. Að annast nýyrðastarfsemi þá, sem hingað til hefur farið fram á vegum ráðuneytisins með atbeina orðabókarnefndar Háskólans.
2. Að gegna svipuðu leiðbeiningar- og málverndarhlutverki og málnefndirnar annars staðar á Norðurlöndum og hafa samstarf við þær.

Samtímis þessu voru þrír menn skipaðir í málnefndina, og um haustið var varamanni bætt við.

Árið eftir voru settar „Reglur um starfsemi Íslenskrar málnefndar“, staðfestar af menntamálaráðherra 10. mars 1965 (auglýsing nr. 49/1965). Með auglýsingu nr. 32/1966 var gerð breyting á 2. gr. um skipan manna í nefndina, og aftur var þeirri grein breytt með auglýsingu nr. 625/1980, þegar nefndarmönnum var fjölgað í fimm. Að öðru leyti eru upphaflegu reglurnar óbreyttar.

Í fjárlögum fyrir árið 1952 veitti Alþingi í fyrsta sinn fé til nýyrðasöfnunar, 30 þús. kr., og var orðabókarnefnd Háskólans falin yfirumsjón með því starfi. Síðan veitti Alþingi árlega fé til þessarar starfsemi, og birtist árangurinn í **Nýyrðum I—IV 1953—1956** og **Tækniorðasafni Sigurðar Guðmundssonar húsameistara 1959**.

Orðabók Háskólans var stofnuð á sínum tíma til að semja sögulega orðabók íslenskrar tungu. Nýyrðastarfsemin var því utan við verksvið hennar og íþyngdi starfi orðabókarnefndar. Um og upp úr 1960 var svo komið, að tveir nefndarmenn færðust undan að bæta á sig nýyrðastörfunum. Voru þá aðrir fengnir til þeirra starfa í staðinn, „og þar með var orðin til ný nefnd, sem aldrei hafði neitt opinbert nafn, en var manna á meðal kölluð „**nýyrðanefnd**““ (Halldór Halldórsson. Íslensk málnefnd. **Morgunblaðið** 8. apríl 1965, bls. 6). Aðalviðfangsefni hennar var að undirbúa útgáfu hagfræðiorðasafns, sem ráðgert var, að yrði 5. hefti Nýyrða.

Um þessar mundir var leitað eftir því, að Íslendingar tækju þátt í samstarfi norrænu málnefndanna, sem höfðu verið að spretta upp á næstliðnum 20 árum (sú elsta stofnuð 1942). Margir höfðu talið sér trú um — og svo er raunar enn —, að myndun nýrra orða, söfnun þeirra og útgáfa væri „séríslenskt fyrirbæri“, eins og stundum er sagt, en því fer fjarri.

Ýmiss konar málræktarstofnanir eru til víðs vegar um heim, og Íslendingar urðu síðastir fullvalda Norðurlandþjóða til að koma sér upp málnefnd.

Málnefndin var í fyrstu skipuð sömu aðalmönnum og nýyrðanefndin og tók við verkefnum hennar. Fljótt á lítið kann svo að virðast sem stofnun málnefndar hafi ekki verið annað en nafnbreyting. Svo var þó ekki. Íslensk málnefnd fékk miklu víðtækara hlutverk en nýyrðanefndin hafði haft, eins og glögglega kemur fram í reglunum um starfsemi hennar. Fyrir þeim, sem að þeim stóðu, hefur greinilega vakað að koma upp fastri stofnun, sem gæti sinnt öllum þessum verkefnum. Svo mikið er að minnsta kosti víst, að þar er ekki um nein íhlaupaverk að ræða.

Síðan hefur enn verið bætt við hlutverk málnefndarinnar með því, að hún á nú aðild að Norrænni málstöð, sem tók til starfa í Ósló 1978.

Nú eru liðin tæp 20 ár frá stofnun Íslenskrar málnefndar. Á þeim tíma hefur eflaust verið meiri þörf fyrir ný orð, söfnun þeirra og útgáfu en á nokkrum öðrum tíma jafnlöngum í sögu þjóðarinnar. Samskipti við aðrar þjóðir hafa stóraukist, sjónvarp tekið til starfa, miklar breytingar orðið á lífs- og atvinnuháttum þjóðarinnar, menntun hennar og menningu, bóklegrí sem verklegri. Grónar fræðigreinar færa út kvíarnar, og nýjar bætast við. Og loks hefur tölvutækni rutt sér til rúms hér á síðustu 20 árum með þeim margvíslegu áhrifum á mannlegt mál, sem henni fylgja.

Á sama tíma hefur næsta lítið orðið vart við skipulagðar aðgerðir af opinberri hálfu til að hjálpa þjóðtungunni að mæta þessum breyttu tímum. Að minnsta kosti er engu líkara en málnefndin hafi gleymst í ærсту þessa mikla nýjunga- og verðbólgukeiðs. Fjárveiting Alþingis til Íslenskrar málnefndar 1968 var samkvæmt fjárlögum 129 þús. kr. Síðan hækkaði hún ögn, stóð svo í stað í 182 þús. kr. á ári frá 1972—77 að báðum árum með töldum. Árin 1978 og 1979 var hún komin upp í 250 þús. kr.¹⁾

Allt frá því að nefndin var stofnuð og til ársloka 1977, stóð hún í skjóli Orðabókar Háskólans eins og undanfari hennar, því að fyrstu formennirnir voru nátengdir þeirri stofnun.

Síðan hefur smám saman verið að þróast samband hennar við aðra starfsemi, sem stunduð hefur verið innan Háskólans allt frá vetrinum 1972—73 og nefnd hefur verið máltölvun. Fé hefur verið veitt til hennar á fjárlögum. Á hennar vegum hefur verið unnið að ýmsum verkefnum, sem fela í sér að beita tölvutækni til að leysa ýmis málfræðileg verkefni. Hér skal einungis minnst á tvennt. Annað er safn tölvutækra texta. Hitt er undirbúningur að orðabanka fyrir Íslenska málnefnd.

Margar þjóðir hafa á undanförunum árum verið að koma sér upp svo nefndum textasöfnum (e. text archives), þ. e. ritum í tölvutækri mynd. Víða erlendis eru íslensk fornrit til í því gervi og geymd í slíkum söfnum. Stærsta safnið af íslenskum textum (reyndar nær eingöngu frá þessari öld) er þó hér, enn sem komið er. Hins vegar skortir á, að það geti talist opinber stofnun eins og t. d. Norsk tekstarkiv í Björgvin, sem nýtur m. a. fjárframlaga frá Norska málráðinu (Norsk språkråd).

Mikil hreyfing er nú á eflingu orðabanka á Norðurlöndum, og er þá verið að hugsa um tölvutækt safn nýyrða og sérhæfðra orða. Íslensk málnefnd hefur samvinnu við þá, sem að þeim málum vinna, en það eru sérstakar stofnanir, aðrar en málnefndirnar, og hér á landi hafa verið uppi sterkar raddir um stofnun slíks orðasafns, m. a. í þágu orðanefnda, sem félög og stofnanir hafa komið á fót í ýmsum sérgreinum.

Pegar haft er í huga, hvernig málum er nú komið og hve margþætt starf hvílir á Íslenskri málnefnd, má ljóst vera, að löggjöf verður að vera til um hana, hlutverk hennar og starfemi, og þau lög verður að setja sem allra fyrst. Þess má geta til fróðleiks, að í Noregi voru sett lög um Norsk språkråd 1971, og bækistöð málnefndanna í Finnlandi, Forskningscentralen för de inhemska språken, var stofnuð með lögum 1976.

¹⁾ Um þróun fjárveitinga til Íslenskrar málnefndar síðan 1979, sjá inngang athugasemda við frumvarpið.

Háskóli Íslands hefur frá öndverðu verið athvarf Íslenskrar málnefndar, og einnig nú síðustu árin hefur hann sýnt áhuga og skilning á þeirri þróun, sem orðið hefur, með því að leggja málnefnd og máltölvun til húsnæði, þar sem skilyrði eru góð til að reka þessa starfsemi í einu lagi. Með þessu frumvarpi, ef að lögum verður, er því einnig verið að treysta samstarf Íslenskrar málnefndar og Háskóla Íslands.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Við samningu þessa frumvarps hefur einkum verið stuðst við ákvæðin um hlutverk Íslenskrar málnefndar og helstu verkefni í reglum þeim, sem nefndin hefur starfað eftir, síðan þær voru settar 1965. Þessi ákvæði eru í meginatriðum felld inn í frumvarpið.

Í öðru lagi hefur verið höfð hliðsjón af lögum og reglum, sem gilda um aðrar norrænar málnefndir.

Í þriðja lagi hefur verið tekið mið af þeirri reynslu, sem fengist hefur af starfi málnefndarinnar og jafnframt af aðstæðum, sem nú er búið við.

Um 1. gr.

Hér eru sögð í fáum orðum deili á Íslenskri málnefnd. Henni er ætlaður varanlegur sess. Hlutverki nefndarinnar er nánara lýst í næstu grein. Gert er ráð fyrir, að bækistöð nefndarinnar verði kölluð Íslensk málstöð og verði rekin í samvinnu við Háskóla Íslands. Sjá aths. við 3. gr.

Um 2. gr.

Hér er lýst hlutverki málnefndarinnar í átta tölusettum liðum, og skal nú gerð grein fyrir hverjum um sig.

Um 1. tl.

Hér er sagt með öðrum orðum það, sem felst í upphafi 1. gr. Málræktarstofnun vinnur að eflingu tungunnar, en málverndarstofnun að varðveislu hennar. Eðlilegt er, að þetta fari saman. Aðalhlutverk nefndarinnar er sem sé að vinna að því tvennu, sem löngum hefur verið keppikefli Íslendinga, að auðga svo tungu sína, að hún megi duga til að tjá hverja þá hugsun, sem menn vilja koma orðum að, en haldi jafnframt áfram að vera það tungumál, sem landsmenn hafa notað frá upphafi Íslandsbyggðar.

Um 2. tl.

Hér er greint frá ráðgjafar- og umsagnarhlutverki nefndarinnar. Gert er ráð fyrir, að málnefndin sé sá aðili, sem stjórnvöld leita til um ráð og umsagnir, ef á liggur vegna fyrirætlana eða aðgerða, sem beinlínis varða tungu þjóðarinnar, nema lög mæli fyrir um annað.

Athygli skal vakin á hlutverki Örnefnanefndar. Vísa má til laga nr. 35/1953, um bæjanöfn o. fl., laga nr. 57/1982 um breytingu á lögum nr. 42/1903, um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð og lögum nr. 53/1963, um veitingasölu, gististaðahald o. fl. og loks til ákvæðis í 23. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla.

Enn fremur má minna á, að ágreiningi um mannanöfn skal skotið til úrskurðar heimspekideildar Háskólans samkvæmt 4. gr. laga nr. 54/1925.

Í heild fara ákvæði þessa töluliðar mjög nærri því, sem verið hefur í reynd á síðustu árum. Til dæmis hefur Alþingi leitað umsagnar Íslenskrar málnefndar, þegar fram hafa komið tillögur til þingsályktunar eða lagafrumvörp um einhverja þætti íslenskrar tungu eða meðferðar hennar, þ. á m. mannanöfn.

Síðari hluti þessa töluliðar á að vera til nokkurs aðhalds og tryggingar, svo að síður verði komið á fyrirvaralitlum stjórnvaldsboðum um málfarsleg atriði eða boðið heim einhvers konar misræmi, sem yrði heldur til að torvela samskipti manna en auðvela þau.

Um 3. tl.

Fyrri málsliður þessa töluliðar er hafður til að stuðla að því, að þeir, sem lögum samkvæmt eiga að veita umsagnir og jafnvel úrskurði um íslenskt mál, hafi samband og samvinnu sín í milli, svo að ekki komi til misræmis eða árekstra að óþörfu. Þetta á einkum við um Örnefnanefnd, heimspekideild Háskólans, Hagstofu Íslands (Þjóðskrá) og Dómsmálaráðuneytið auk Íslenskrar málnefndar. Sambærilegt ákvæði er að finna í reglum dönsku málnefndarinnar (Dansk Sprognævn).

Síðari málsliður er tekinn úr gildandi reglum með svolitlum orðalagsbreytingum.

Um 4. tl.

Fyrri málsgrein þessa töluliðar er að efni sótt í gildandi reglur að mestu leyti. Ætlast er til, að nefndin veiti leiðbeiningar og svör á fræðilegum grundvelli, en með því er lögð áhersla á, að geðþótti skuli ekki látinn ráða ferðinni, heldur stuðst við fræðileg rök (þ. á m. málsöguleg), eins og framast er unnt.

Síðari málsgreinin er nýmæli. Hér er átt við það, að ekki þurfi að berast formlegt erindi til nefndarinnar til þess að hún láti mál til sín taka. Ekki er gert ráð fyrir, að hún þurfi oft að nota þessa heimild, en rétt þykir að hafa hana í lögnum. Í reynd hefur málnefndin stundum ótilkvödd skipt sér af málum, sem íslenska tungu varða. Til dæmis má nefna ábendingar hennar um meðferð íslenskra nafna í norrænu samstarfi, ónákvæma stafsetningu tölvuprents, ranga fallnotkun í heimilisföngum og andmæli gegn því, að íslenskum flugmönnum væri meinað að eiga fjarskipti á íslensku.

Um 5. tl.

Hér er ákvæði um lausn hagnýtra verkefna vegum málnefndar. Nefndinni berast ýmis erindi, sem verða ekki afgreidd án könnunar og nefndin verður sjálf að annast. Hér eru sem sé höfð í huga verkefni, sem bein tilefni gefast til, að nefndin leysi.

Hins vegar er gert ráð fyrir, að málnefndin geti haft samvinnu við aðra um stór verkefni, sem krefjast umtalsverðrar rannsóknar, t. d. við Málvísindastofnun Háskólans, Orðabók Háskólans, Örnefnastofnun Þjóðminjasafns, Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi og aðra, sem vinna að rannsóknum á íslenskri tungu og sögu hennar. Gott dæmi um verkefni, sem málnefndin ræður varla við ein og tæpast verður heldur leyst án hennar atbeina, er skrá yfir heiti ríkja og þjóða. Margir opinberir aðilar hafa spurst fyrir um slíka skrá. Það, sem til er af því tagi, er öldungis ófullnægjandi. Í öðrum norrænum ríkjum hafa þessi mál verið tekin föstum tókum.

Um 6. tl.

Hér er kveðið á um útgáfu- og fræðslustarf, sem einsýnt þykir, að nefndin eigi að sinna líkt og helstu málnefndir á Norðurlöndum. Í gildandi reglum er gert ráð fyrir, að nefndin annist útgáfu nýyrða, en ekki kveðið nánara á um leiðbeiningar- eða fræðsluhlutverk hennar.

Rétt er að vekja sérstaka athygli á útgáfu stafsetningarorðabókar, sem mikil þörf er fyrir. Ekki stendur öðrum nær en Íslenskri málnefnd að gefa slíkt rit út (sbr. síðustu málsgrein 1. gr. í gildandi reglum).

Um 7. tl.

Þessi töluliður greinir frá nýyrðahlutverki málnefndarinnar, sem mest áhersla er lögð á í gildandi reglum.

Fyrri málsgreinin er tekin efnislega óbreytt úr reglunum.

Annar málsliður síðari málsgreinar er einnig tekinn upp óbreyttur, en aukið við bæði á undan og eftir. Það er gert til að lögfesta forystuhlutverk málnefndar í orðræktarstarfinu. Eðlilegast er, að hún stuðli að skipulagðri starfsemi og samræmi eftir föngum aðgerðir

einstakra orðanefnda og orðasafnara, enda hefur hvað eftir annað verið óskað eftir því af þeirra hálfu á fundum, sem málnefndin hefur gengist fyrir, nú síðast mjög eindregið á orðanefndaþinginu 19. nóvember 1983. Á þeim vettvangi hafa einnig verið uppi sterkar raddir um stofnun orðabanka, sem Íslensk málnefnd reki.

Hér er einkum um að ræða nýyrði, tillögur um nýyrði og sérhæfð orð. Gert er ráð fyrir, að hin sögulega orðabók íslenskrar tungu, sem Orðabók Háskólans vinnur að, geti vinsað úr þeim orðasöfnum, sem málnefndin kemur upp, og Íslensk málnefnd hafi á sama hátt greiðan aðgang að söfnum Orðabókar Háskólans. Því ber að stuðla að tengslum milli þessara tveggja stofnana.

Um 8. tl.

Hér eru ákvæði um samskipti Íslenskrar málnefndar og erlendra aðila.

Fyrsta málsgrein er tekin nær óbreytt úr reglunum, einungis skotið inn orðum til að staðfesta aðild nefndarinnar að Norrænni málstöð.

Önnur málsgrein er ný, en einnig nauðsynleg staðfesting á því, sem orðið er og telja má óhjákvæmilegt. Málnefndin á nú þegar aðild að hinu óformlega NORDTERM-samstarfi norrænna þjóða, sem eflist með ári hverju, og nýtur nefndin góðs af því við undirbúning orðabanka o. fl.

Þriðja málsgrein er einnig ný. Henni er ætlað að minna á, að fleiri leggja rækt við þjóðtungu sína en Íslendingar, og hvetja til þess, að við reynum að læra af vinnubrögðum og skipulagi annarra, enn fremur til að fylgjast með umræðum um verndun og viðgang þjóðtungna, til dæmis með því að sækja alþjóðlegar ráðstefnur um þau efni.

Um 3. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um Íslenska málstöð, sem gert er ráð fyrir, að málnefndin reki í samvinnu við Háskólann, sbr. 1. gr.

Svo er málum nú háttað, eins og fram kemur í almennu greinargerðinni, að málnefndin hefur aðsetur sitt og rekur skrifstofu og aðra starfsemi í húsakynnum, sem Háskólinn leggur henni til. Þar fer einnig fram starfsemi á vegum Háskólans, sem tengist mjög vel hagsmunum málnefndarinnar. Þar er varðveitt safn tölvutækra texta, sem komið hefur verið upp í fræðilegum tilgangi. Meðal rita í því textasafni má nefna Biblíuna (nýjustu útgáfu) og eddukvæði Konungsbókar. Úr þessum efniviði má vinna á vélrænan hátt margs konar orðaskrár og stöðulykla, sem fræðimenn og nemendur geta haft mikið gagn af og málnefndinni kemur sérstaklega vel að eiga greiðan aðgang að.

Hins vegar ræður málnefndin yfir nokkrum tölvutækum orðasöfnum, þ. á m. hagfræði- og tölvuorðasafni, og er þar kominn vísir að orðabanka.

Um 4. gr.

Með ráðningu sérstaks forstöðumanns er verið að staðfesta þá tilhögun, sem nú er, þar sem formaður nefndarinnar er háskólakennari, sem hefur um hríð verið undanþeginn kennsluskyldu í heimspekideild til að sinna málnefndinni og stunda máltölvunarrannsóknir.

Lagt er til, að forstöðumaðurinn verði jafnframt prófessor í heimspekideild, hliðstætt því, sem gildir um forstöðumann Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi. Þetta yrði bæði til að treysta tengsl málnefndarinnar við Háskólann og tryggja, að til starfans veldist sem hæfastur maður.

Um 5. gr.

Gert er ráð fyrir, að Íslensk málnefnd verði áfram sérstakt viðfangsefni á fjárlögum og hafi sjálfstæðan fjárhag.

Um 6. gr.

Hér eru ákvæði um skipan Íslenskrar málnefndar.

Gert er ráð fyrir óbreyttri tölu nefndarmanna, en ekki þykir rétt, að þeir séu allir skipaðir án tilnefningar, eins og verið hefur. Með hliðsjón af hinum nánun tengslum málnefndarinnar og Háskólans fyrr og síðar og gildandi reglum um skipan manna í nefndina, er lagt til í frumvarpinu, að háskólaráð tilnefni tvo, heimspekideild einn, en ráðherra skipi tvo án tilnefningar og sé forstöðumaður málstöðvarinnar annar þeirra.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir, að menntamálaráðherra skipi bæði formann nefndarinnar og varaformann. Ákvæði um varaformann er nýtt.

Skipunartími nefndarinnar, 4 ár, er óbreyttur.

Um 7. gr.

Parfnast ekki skýringar.

Um 8. gr.

Hér segir, að menntamálaráðherra skeri úr ágreiningi, ef einhver verður, um túlkun þessara laga, enda heyrir bæði Íslensk málnefnd og Háskóli Íslands undir hann.

Um 9. gr.

Parfnast ekki skýringar.

Um 10. gr.

Gert er ráð fyrir, að lögín öðlist gildi 1. janúar 1985. Sá tími þykir heppilegur vegna þess, að þá hefst nýtt fjárlagaár, og einnig vegna þess, að skipunartími þeirra, sem nú eiga sæti í Íslenskri málnefnd, rennur út í desember 1984.“